



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Skúlagötu 21

101 Reykjavík

Reykjavík, 7.ágúst 2015.

Efni: Kæra á ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna aukningar á eldi í Dýrafirði

Með bréfi þessu kærir Landssamband Veiðifélaga ákvörðun Skipulagsstofnunar frá dags. 8. júlí 2015 um fyrirhugaða aukningu eldis Dýrfisks hf. um 2000 tonn skuli undanþegið umhverfismati. Um málsaðild vísar landssambandið til 5. mgr. 4. gr. laga um lax og silungsveiði nr. 61/2006.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar kemur eftirfarandi fram;

„Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðs eldis á erfðablöndun og veiðihlunnindi séu ekki líkleg til að verða umtalsverð. Byggist sú niðurstaða stofnunarinnar á því að áform Dýrfisks gangi eftir um að fylgja ströngum kröfum ofangreinds staðals um eldisbúnað og verklag og framfylgja viðbragðsáætlun ef fiskur sleppur úr eldi.“

Landssamband veiðifélaga telur umrædda niðurstöðu ranga og ekki studda fullnægjandi rökum eða gögnum. Landssambandið ítrekar athugasemdir félagsins vegna þeirra fyrirætlana að ala frjóa laxa af norskum uppruna í Dýrafirði. Í athugasemdum Landssambandsins til Skipulagsstofnuna kom eftirfarandi fram:

„Þá telur Landssambandið að meta þurfi áhrif þess á villta stofna að leyfa eldi á frjóum norskum löxum í því magni sem um getur í umsókn Dýrfisks. Við laxeldi á Íslandi er notaður laxastofn af norskum uppruna sem fluttur var til landsins á 9. áratugnum. Erfðarannsóknir á genamengi laxa sem gerðar hafa verið hin síðari ár staðfesta að norskur lax er mjög fjarskyldur íslenskum laxastofnum og blöndun slíkra stofna getur haft ófyrirséðar afleiðingar á þróun hinna íslensku laxastofna. Vert er að benda á í þessu sambandi að af tiltölulega lítilli slyssleppingu laxa hjá Fjarðarlaxi veiddust yfir 200 laxar. Samkvæmt rannsókn Veiðimálastofnunar sem finna má á vef stofnunarinnar voru þeir fiskar að búa sig til hrygningar sem styður þær áhyggjur sem Landsambandi hefur af slíku eldi.“

Umsóknin opnar á leyfi fyrir eldi á norskum laxi er því eðlilegt að metin sé sammögnunar áhrif þess og annars eldis á norskum laxi á Vestfjörðum. Miðað við upplýsingarnar sem koma fram í úrskurði



Skipulagsstofnunar frá Veiðimálastofnun að meta beri það sem svo að einn lax sleppi við hvert framleitt tonn af laxi má líta svo að fjögur þúsund laxar sleppi úr 4000 tonna eldi Dýrfisks á hverju ári. Benda má á að fyrirhuguð er uppbygging laxeldis á Íslandi upp í 80.000 tonna framleiðslu. Verði það að veruleika gætu allt að 80.000 laxar af norskum uppruna sloppið á ári hverju. Þannig lítur Landssambandið á það að fyrirhugað eldi á norskum laxi auki verulega áhættu af erfðablöndun við villta stofna sem margir telja fáa fiska og umhverfismat sé því skylt.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar kemur eftirfarandi einnig fram;

„ Stofnunin bendir á að rannsóknir við Finnmörku í Norður-Noregi, þar sem aðstæður í sjó eru áþekkar því sem er í Dýrafirði, gefa til kynna að sjókvíaeldi auki afföll af sjóbirtingi og sjóbleikju vegna álags af völdum laxalúsar. Samkvæmt mati hafrannsóknastofnunarinnar í Noregi voru áætluð afföll sjóbirtings og sjóbleikju almennt lág við Finnmörku nema þar sem álag af fiskeldi var mest, en þar voru afföllin í meðallagi eða há (18-55%)³.“

„Skipulagsstofnun telur, í ljósi þess sem rakið er hér að framan, að fyrirhugað eldi muni auka hættu á sjúkdómum og laxalús hjá villtum laxfiskastofnum á svæðinu, en að ekki sé líklegt að áhrif þess verði umtalsverð.“

Landssambandið telur í ljósi þess sem kemur fram í textanum hér að ofan að afföll í sjóbirtings og bleikju í Finnmörku þar sem áhrifa fiskeldis gætir væru frá 18-55% geti ekki stutt þá niðurstöðu að áhrifin séu ekki líkleg til að verða umtalsverð. Til eru fjölmargar rannsóknir erlendis sem sýna áhrif lúsasmits á villta silungs- og laxastofna. Þær rannsóknir sýna einnig að áhrifasvæði lúsasmits nær tugi kílómetra frá eldisstað. Sú staðreynd er hvergi dregin fram í greinargerð Dýrfisks og er enn ein ástæðan fyrir því að eðlilegt er að umrædd framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum.

Þessu til frekari rökstuðnings er vísað til máls 43/2012 þar sem nefndin ógilti ákvörðun Skipulagsstofnunar. Mál þessi eru á margan hátt sambærileg. Miklir hagsmunir íslenskrar náttúru eru í húfi og því mikilvægt að allrar varúðar sé gætt. Ef slíkrar varúðar er ekki gæti væri það í andstöðu við reglur alþjóðlegs umhverfisréttar um varúðarnálgun og varúðarreglu sem nefndin hefur talið að líta beri til skv. alþjóðasamningum sem Ísland á aðild að og í anda íslenskra laga.

Landssamband veiðifélaga gerir þá kröfu að Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felli úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar frá um að 8.júlí 2015 að fyrirhuguð aukning fiskeldis Dýrfisks í Dýrafirði um 2000 tonn verði undanþegin umhverfismati sbr. l. nr. 106/2000 og framkvæmdin sæti umhverfismati á grundvelli hinna sömu laga.

f.h. Landssambands veiðifélaga

Jón Helgi Björnsson, formaður